

# Framkvæmdastjóri Golfklúbbs Akureyrar

---

Laus er til umsóknar staða framkvæmdastjóra Golfklúbbs Akureyrar (GA). Framkvæmdastjóri heyrir undir stjórn GA. Hann gegnir lykilhlutverki í starfi klúbbsins og hefur yfirumsjón með daglegum rekstri hans.

Í aðsetri klúbbsins að Jaðri er starfræktur 18 holu golfvöllur, æfingasvæði, sérsverslun með golfvörur, veitingasala og leiga á golfbílum og -settum. Utan sumartíma fer starfsemi klúbbsins fram í fyrsta flokks æfingaaðstöðu í Golfhöllinni sem er í kjallara Íþróttahallarinnar við Sundlaug Akureyrar og er miðsvæðis í bænum.

Nánari upplýsingar um GA má finna á [www.gagolf.is](http://www.gagolf.is) og [www.arcticopen.is](http://www.arcticopen.is).

## Starfssvið:

- Yfirumsjón með og ábyrgð á daglegum rekstri, þar með talið starfsmanannahald, fjármál og samskipti við opinbera aðila
- Ábyrgð á þjónustu við klúbbmeðlimi sem og almenna kylfinga
- Gerð fjárhags- og starfsáætlana
- Samræming verkefna og eftirfylgni þeirra
- Upplýsingagjöf og samstarf við stjórn og nefndir klúbbsins

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun og / eða menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af íþróttastarfi
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Færni í mannlegum samskiptum, samskiptahæfni og samstarfsvilji
- Jákvæðni og þjónustulund
- Góð íslensku- og enskukunnátta, í töluðu og rituðu máli
- Haldgóð tölvukunnátta
- Reynsla af stjórnun

Umsókn skal fylgja greinargóð ferilskrá umsækjanda og kynningarbréf þar sem ástæða umsóknar er tilgreind.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Steindór Árnason, varaformaður GA, í síma 864-8924 og í netfanginu [jsarnason@gmail.com](mailto:jsarnason@gmail.com).

Umsóknarfrestur er til 10. ágúst. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf þann 1. október. Farið verður með allar umsóknir sem trúaðarmál. Umsóknum má skila rafrænt á netfangið [umsokn@gagolf.is](mailto:umsokn@gagolf.is).